

Má bjóða þér mannréttindi?



AMNESTY
INTERNATIONAL



Má bjóða þér mannréttindi?

© Íslandsdeild Amnesty International 2021

ritstjórn

Vala Ósk Bergsveinsdóttir

texti

Thelma Marín Jónsdóttir

Vala Ósk Bergsveinsdóttir

teikningar og uppsetning

Elísabet Rún

prentun

Háskólaprent

þakkir

Íslandsdeild Amnesty International þakkar öllum þeim sem tóku þátt í að gera þetta verkefni að veruleika. Sérstakar þakkir fá þeir einstaklingar sem deildu reynslusögu sinni með það að markmiði að opna huga lesenda fyrir stöðu mannréttinda í heiminum og hvetja fólk til að leggja sitt lóð á vogarskálirnar í mannréttindabaráttunni.

Amnesty International

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing yfir tíu milljón einstaklinga sem telja að óréttlæti komi sér við. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna. Okkar hugsjón er að allir fái notið þeirra réttinda sem kveður á um í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastöðlum um mannréttindi. Við erum frjáls og óháð öllum stjórnvöldum, hvers konar pólitískri hugmyndafræði, fjárhagslegum hagsmunum og trúarbrögðum og eru samtökin að mestu fjármögnuð í gegnum félagsaðild og með framlögum frá almenningi.

Um efnið

Íslandsdeild Amnesty International hefur gefið út kennsluefni um mannréttindi sem samanstendur af sex örmyndböndum, myndskreyttri sögu og verkefnum. Fjallað er um hugtakið mannréttindi og stiklað á stóru í sögu mannréttinda í heiminum. Þá segja fimm einstaklingar frá sinni reynslu af mannréttindabrotum. Sögurnar snerta á réttindum barna, flóttafólks, vinnuréttindum og kyn- og frjósemisréttindum. Allar sögurnar eru raunverulegar. Að lokum er ungu fólki gefið tækifæri til að skoða hvað það getur lagt til í mannréttindabaráttunni.

Kennsluefnið er ætlað ungu fólki á aldrinum 13–20 ára en fólk á öllum aldri getur haft gagn og gaman af því.

Hægt er að nálgast verkefni, PDF-útgáfu af þessari bók og örmyndböndin sex á heimasíðu samtakanna www.amnesty.is/verkefnakista



Mikilvæg hugtök

Barnahjónabönd

Fólk á rétt á að taka ákvarðanir er varða hvort og hvenær það gengur í hjónaband og lifa án ótta við nauðgun og annað ofbeldi. Þvinguð hjónabönd, þar með talin barnahjónabönd eru brot á þessum réttindum. Barnahjónabönd eru enn útbreidd, sérstaklega í fátækustu ríkjum heims, þar sem 30% stúlkna á aldrinum 15–19 ára eru komnar í hjónaband. Stúlkur eru mun líklegri en drengir til að giftast á barnsaldri og byrja að stunda kynlíf á unga aldri. Á hverju ári er áætlað að 70 þúsund unglingsstúlkna láti lífið vegna vandamála tengdum meðgöngu.

Flóttafólk

Flóttafólk er fólk sem getur ekki snúið aftur til heimalands síns vegna þess að það á yfir höfði sér alvarleg mannréttindabrot í heimalandinu eða vegna persónulegra ofsókna og lífsskoðana. Flóttafólk neyðist til að flýja heimalandið og sækja um alþjóðlega vernd vegna þess að stjórnvöld í heimalandinu geta ekki eða vilja ekki vernda það.

Intersex

Intersex er regnhlífarhugtak sem nær yfir breitt svið ódæmigerðra kyneinkenna. Breytileikinn getur verið margvíslegur og stundum er hann sjáanlegur strax við fæðingu, við kynþroskaaldur, þegar reynt er að geta barn eða uppgötvast einhvers staðar annars staðar á lífsleiðinni fyrir hreina tilviljun. Breytileikinn getur átt við um innri og ytri kynfæri, æxlunarfæri, hormónastarfssemi, kynkirtla, kynlitninga, eða kynþroska sem er með einhverju móti öðruvísi en hjá flestum. Margir sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni sæta ónauðsynlegum, óafturkræfum og skaðlegum skurðaðgerðum eða öðru inngripi sem börn sem hefur skaðleg líkamleg og sálræn áhrif til framtíðar. Fólk á rétt á að taka ákvarðanir er varða eigin heilsu, líkama og kynlíf.

Kyn (kynverund)

Undir hugtakið kyn falla kyneinkenni (líkamlegir/líffræðilegir þættir sem tengjast kyni svo sem kynlitningar, hormónastarfssemi, kynkirtlar og kynfæri), kyngervi (félagslega mótaðar hugmyndir, væntingar og viðmiðanir sem byggjast á kyneinkennum fólks), kyntjáning (félagsleg tjáning einstaklings á sínu kyni) og kynvitund (eigin upplifun og skilgreining á kyni).

Mannréttindafræðsla

Mannréttindafræðsla er skilgreind sem það nám, sú menntun, þjálfun eða upplýsingar sem hefur það að markmiði að skapa alþjóðlega menningu um mannréttindi. Mannréttindafræðsla snýst um skilning á alþjóðlegum mannréttindastöðlum og hvernig á að nýta þá til að efla og vernda mannréttindi. Mannréttindafræðsla hefur að markmiði að:

- Auka skilning og þekkingu á mannréttindum
- Efla fólk í færni sem gerir því kleift að verja, vernda og gera tilkall til mannréttinda, og fræðslu með mannréttindum
- Efla viðhorf og framkomu sem endurspeglar virðingu fyrir mannréttindum

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948. Yfirlýsingin er mikilvægasta stofnskjál Sameinuðu þjóðanna að því er varðar grunnviðmið fyrir mannréttindi. Öll aðildarríkin hafa samþykkt að staðfesta mannréttindayfirlýsinguna. Þótt yfirlýsingunni hafi upphaflega ekki verið ætlað

að vera bindandi hafa ýmis ákvæði hennar öðlast virðingarsess hjá aðildarríkjunum að því marki að yfirlýsingin getur talist til hefðbundinnar meginreglu þjóðaréttar.

Mannréttindi

Mannréttindi eru grundvallarréttindi okkar allra. Þau eru okkar óháð því hver við erum, hvar við búum, á hvað við trúum eða hvernig lífi við veljum okkur að lifa. Það er aldrei hægt að taka mannréttindi frá okkur en þó eru sum þeirra takmörkum sett, eins og til dæmis ef lög eru brotin eða í þágu þjóðaröryggis. Þessi réttindi og frelsi byggjast á gildum eins og mannlegri reisn, sanngirni, jafnrétti, virðingu og sjálfstæði. Mannréttindi eru ekki einungis hugtak heldur eru þau skilgreind og vernduð samkvæmt lögum. Það eru nokkur grundvallaratriði sem ber að hafa í huga um mannréttindi og alþjóðasamfélagið hefur einnig samþykkt. Mannréttindi eru:

- Algild: Þau tilheyra hverri og einni manneskju.
- Óafsalanleg: Það er ekki hægt að taka þau frá nokkurri manneskju.
- Ódeilanleg og samtvinnuð: Stjórnvöld eiga ekki að geta valið hvaða réttindi þau virða og hvaða réttindi þau virða að vettugi. Mannréttindi eru samtvinnuð og hafa áhrif hvert á annað.

Réttindi barna

Réttindi barna eru vernduð bæði í íslenskum lögum sem og alþjóðalögum. Að auki hafa margs konar verkfæri verið útbúin til að veita börnum í sérstakri hættu aukna vernd. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er helsti samningurinn sem gerður hefur verið með barnavernd að markmiði. Samkvæmt sáttmálanum er réttindum barna skipt niður í fjögur svið: Réttur til lífs, réttur til að þroskast og læra, réttur til þátttöku og réttur til verndar.

Samfélag

Samfélag getur verið áþreifanleg heild, sem samanstendur af hópi fólks sem deilir landfræðilegu svæði, en getur einnig verið samfélag jafningja sem er skilgreint samkvæmt lífsskoðun, sameiginlegri sögu eða sameiginlegum eiginleikum sem hópur fólks deilir, hvort sem er í eigin persónu eða á netinu. Fólk getur fæðst inn í samfélög, gerst aðili að þeim og/ eða verið valið til aðildar að þeim. Sum samfélög eru byggð á skilgreindri sögulegri arfleifð líkt og samfélög frumbyggja, þjóðernishópar, trúarhópar og þeirra sem tala sameiginlegt tungumál, önnur eru ekki eins skýrt skilgreind.

Umskurður stúlkna

Fólk á rétt á að taka ákvarðanir er varða eigin heilsu, líkama og kynlíf. Á ári hverju eiga þrjár milljónir stúlkna í heiminum á hættu að sæta limlestingu á kynfærum. Aðgerðirnar hafa í sumum tilfellum alvarlegar afleiðingar eins og mikið blóðtap, sýkingar, smit á sjúkdómum á borð við HIV-veiru vegna ósöttthreinsaðra verkfæra, áverka og sársauka sem oft leiða til erfiðleika við samfarir og barnsfæðingar. Amnesty International fordæmir í öllum tilvikum limlestingar á kynfærum stúlkna og kvenna.

Réttindi á vinnumarkaði

Fólk á rétt á vinnu og sanngjörnum launum. Við megum öll vera í stéttarfélagi. Á Íslandi eru í gildi sérstök lög um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Þar á meðal eru lög um stéttarfélög, laun og starfskjör, vinnutíma og jafna meðferð á vinnumarkaði. Sérstök lög gilda einnig um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði til að tryggja að börn og unglingar vinni ekki meira en þeim er hollt.


Blær er í kennslustund.




Hvað eru mannréttindi?



Réttur til þess að
vera manneskja?



Mega panta
pítsu alla daga!



Gera það sem mér sýnist!



Já, það má eflaust færa rök fyrir því að þetta séu mannréttindi ...



- VERA MANNESKJA
- PANTA PITSU
- GERA ÞAÐ SEM MÉR SÝNIST

... en þegar talað er um sameiginleg
mannréttindi allra þjóða ...




... þá miðum við yfirleitt
við Mannréttindayfirlýsingu
Sameinuðu þjóðanna sem
var samþykkt árið 1948.

Seinni heimsstyrjöldinni var nýlokið
og þjóðir heims voru í sjokki yfir því að
þessar hörmungar hefðu átt sér stað.




Sameinuðu þjóðirnar voru því stofnaðar til þess að koma í veg fyrir að þetta myndi endurtaka sig.



Í kjölfarið var samin 30 atriða mannréttindayfirlýsing sem við styðjumst enn við í dag.



En förum aðeins
aftur í tímann ...




Hugtakið mannréttindi
kom fyrst fram á 18. öld.



Það á sér þó fornar rætur
í hefðum, siðfræði, stjórnmálum og trúarbrögðum.


Mannréttindi grundvallast á hugmyndum um mannlega reisn og jöfnuð.

Mannleg reisn er sjálfsvirðing, sjálfstæð hugsun, mannvirðing og lífsgæði.




Og jöfnuður vísar til sanngjarnrar skiptingar, jafnréttis og réttlætis.

Áður fyrr var algengt að almennir borgarar ættu lítil sem engin réttindi ...



... en forréttindi féllu í skaut til dæmis fólks af aðalsættum og eignafólks.

Barátta fyrir auknum réttindum
í gegnum tíðina hefur þýtt átök,
svita og tár gegn oki yfirvalda
sem vilja takmarka rétt fólks.



En þrotlaus baráttan var ekki
til einskis því ýmis mikilvæg
lög um réttindi urðu til!

Eins og til dæmis enski laga-
bálkurinn Magna Carta ...



Frelsisstríð Bandaríkjanna á árunum 1775–1783 fólst í uppreisn þrettán breskra nýlenda í Norður-Ameríku gegn breskum yfirráðum.




Eftir hatramma baráttu öðluðust Bandaríkin loks sjálfstæði árið 1789 en þá hafði sjálfstæðiyfirlýsing Bandaríkjanna verið til síðan 1776.

Annað dæmi er franska byltingin sem átti sér stað á árunum 1789–1795 en hún er einn mikilverðasti mannréttindaatburður sögunnar.




Þá reis almenningur upp gegn valdhöfum í valdamesta konungsríki Evrópu og krafðist aukinnar virðingar og réttinda.

En aftur að Mannréttinda-
yfirlýsingu Sameinuðu
þjóðanna sem segir:




Mannréttindi eru
alþjóðleg og algild og
eru öll jafn mikilvæg.



Brot á einum mannréttindum
hefur áhrif á önnur réttindi því
þau eru öll samtengd.


Þau eru tryggð í alþjóðalögum og það má ekki taka þau í burtu frá okkur.



Og lítum okkur svo nær.



Hvar er verið að brjóta á mannréttindum vina okkar, samnemenda, fjölskyldu, nágranna eða kennara?



Blær er á leið heim.

Skyndilega tekur Blær eftir
fólkinu í kringum sig og fer
að velta fyrir sér sögu þess.



Því öll eigum við okkar eigin sögu.

Allt í einu getur Blær séð
inn í fortíð strætóbílstjórans.



Ég kem úr auðugri
fjölskyldu í Íran.



Líf mitt var dásamlegt
þar til allt breyttist.

Ég kynntist kristinni trú
í gegnum vini mína ...




... og saman sungum við
og fórum með bænir.



Íran er íslamskt ríki og þar
liggur dauðarefsing við því
að aðhyllast aðra trú.

Dag einn fékk ég skilaboð
frá fjölskyldunni minni.




Þetta hafði spurst út ...




... og lögreglan mætti heim, tók tölvuna
mína og nánast allt sem við fjölskyldan
áttum í leit að sönnunargögnum.

Ég faldi mig í útihúsum í nærliggjandi
bæ í tvo mánuði og hélt að ég gæti
haldið heim þegar færi að róast ...



... en sú varð ekki raunin.

Með hjálp smyglingra
komst ég loks úr landi ...



... og við tók háskalegt ferðalag á sjó og landi
sem endaði á Íslandi þremur mánuðum síðar.



Ég gat engum treyst.



Eftir margra mánaða ferðalag
fékk ég ný föt, klippingu
og rakstur, nýjan síma ...

... og varð venjulegur á ný.



Ég var látinn fá vegabréf
og flugmiða og var
keyrður út á flugvöll.



Þegar ég settist í sætið mitt steinsofnaði ég
og vaknaði ekki fyrr en vélin var lent og tóm.




Ég var lentur á Íslandi og
ég hafði ekki hugmynd
um hvar ég var.

Landamæraeftirlitið
skoðaði vegabréfið og
sá að það var ekki mitt.



Ég var spurður hvað ég væri að
gera þarna en kom ekki upp orði.

Ég var heppinn.



Málið mitt var tekið fyrir strax og
á tveimur vikum fékk ég dvalarleyfi.



Hér get ég verið ég
sjálfur og lifað mínu lífi.





Á tímabili áttum við
mamma ekki ísskáp,
þvottavél eða síma.



Kælivörur voru geymdar
á svölunum.

Ég leitaði oft að klinki í vösum
og undir sófapullum til þess að
geta keypt mat handa okkur.




Ef mamma átti pening lengur
en 15. hvers mánaðar ...






Við áttum ekki tölvu og mamma var ekki með netfang.



Þegar grunnskólinn minn bað um allar nauðsynlegar upplýsingar svo hægt væri að ná í mömmu þá gat hún ekki gefið neitt upp.

Við áttum ekki bíl og stundum
áttum við ekki fyrir strætó.



Þá neyddumst við til þess að
ganga í éljahríð og mótvindi.

Fátækt er eins og
skuggi sem fylgir manni.






Blær kemur við í búð
á heimleiðinni.





Eigum við ekki öll rétt á að
taka ákvarðanir sem lúta að
líkama okkar og lífi, án ótta,
mismununar eða þvingunar?

Ég var þriggja ára
þegar ég var umskorin.



Það eru alltaf eldri konur sem framkvæma umskurðinn ...



... en þær trúa að þetta sé gjöf til framtíðareiginmanns hverrar stúlku.

Leggangaopið er þrengt og snípurinn tekinn ...




... svo að við getum ekki notið kynlífs of mikið.

Þetta snýst allt um að stjórna
kynlöngun kvenna og að þóknast
ímyndaðri þörf karlmannna.




Manneskju er fórnað
fyrir aðra manneskju.



Þegar ég var 11 ára var ég
neydd í hjónaband með 32 ára
gömlum frænda mínum.








Ég var í 8. bekk þegar
mér var boðin vinna í
fataverslun í Kringlunni.

Fyrst var mér boðið á prufuvakt sem á alltaf að vera greidd ...



... og svo boðið að vinna nokkrar átta tíma vaktir í tvær vikur.



Þegar ég spurði um laun fyrir þennan tíma ...

... þá sagði eigandinn
að allar tvær vikurnar
hefðu verið ein prufa og
ég fengi ekkert greitt fyrir.




Ég frétti svo að þessi maður
væri þekktur fyrir að misnota
ungt fólk í vinnu og greiða þeim
lítið eða ekkert fyrir vinnuna.





Blær heldur heim á leið.






Líkamanum mínum
var breytt ...




... án þess að ég fengi
einhverju um það ráðið.

Ég fæddist hvorki með leg,
legháls né eggjastokka og það
kom í ljós þegar ég kviðslitnaði
sex vikna gömul og fór í aðgerð.




Í stað eggjastokka var ég með
eistnavef utan um kynkirtlana
sem framleiða nauðsynleg hormón.

Þegar ég var þriggja mánaða voru
kynkirtlarnir teknir sem raskaði allri
hormónastarfsemi líkamans ...



... og hefur haft alvarleg
áhrif á heilsu mína síðan.

Mér var ekki sagt frá því
að ég væri intersex fyrr
en ég var þrettán ára ...



... því þá þurfti ég að
byrja hormónagjöf til
þess að hefja kynþroska.

Að vera intersex þýðir:

INTERSEX:

AÐ VERA MEÐ
ÓDÆMIGERÐ
KYNEINKENNI



Tæp 2% einstaklinga í heiminum fæðast intersex.

Breytileikinn getur átt við innri og ytri kynfæri,

kynkirtla, kynlitninga

æxlunarfæri, hormónastarfsemi,


eða kynþroska

sem er á einhvern hátt öðruvísi en hjá flestum.


Sumt fólk kemst aldrei að því
eða mjög seint á lífsleiðinni
að það sé intersex.




Með því að sjúkdómsvæða ódæmigerð
kyneinkenni þá alast upp heilu kyn-
slóðirnar af fólki sem er í felum og
upplifir skömm fyrir að vera intersex.



Því fólki líður eins og
það sé eitt í heiminum.



Það er erfitt að vera í réttindabaráttu
þegar maður er bara ein manneskja
og veit ekki af öðrum í sömu sporum.










Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna



Borgararéttindi og frelsi

Réttur til lífs, frelsi frá pyndingum og þrældómi, réttur á að sæta ekki mismunun.


- 1) Allir eru fæddir frjálsir og jafnir
- 2) Bann við mismunun
- 3) Réttur til lífs, frelssis og mannhelgi einstaklinga
- 4) Frelsi frá þrældómi
- 5) Frelsi frá pyndingum



Lagalegur réttur

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð, réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, réttur til að njóta frelssis frá geðþóttahandtökum eða farbanni.


- 6) Allir skulu njóta verndar með lögum
- 7) Allir skulu vera jafnir fyrir lögum
- 8) Lagaleg úrræði þegar mannréttindi eru brotin
- 9) Bann við ólögmetu farbanni, fangelsun eða brottvisun
- 10) Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
- 11) Saklaus uns sekt er sönnuð
- 14) Réttur til að fara til annars lands og leita verndar



Félagsleg réttindi

Réttur til menntunar, til að stofna fjölskyldu og annast hana, til tómstundar, réttur á heilsugæslu.

- 12) Réttur til einkalífs, heimilis og fjölskyldulífs
- 13) Frelsi til að búa og ferðast hindrunarlaust innan landamæra ríkja
- 16) Réttur til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu
- 24) Réttur til að njóta hvíldar og afþreyingar
- 26) Réttur til menntunar, þar með talinn réttur til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar



Efnahagsleg réttindi

Eignarréttur, réttur til að vinna, til húsnæðis, til lífeyris, til fullnægjandi lífskjara.


- 15) Réttur til ríkisfangs
- 17) Réttur til að eiga eignir
- 22) Réttur á félagslegu öryggi
- 23) Réttur til að vinna fyrir sanngjörnum launum og ganga í stéttarfélag
- 25) Réttur til lífskjara sem tryggja heilsu og velferð



Stjórnmálaleg réttindi

Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns, greiða atkvæði, koma saman með friðsömum hætti, frelsi til tjáningar, lífsskoðunar og trúarskoðunar.

- 18) Réttur til lífsskoðunar (þar með talin trúarskoðun)
- 19) Tjáningarfrelsi og réttur til að miðla upplýsingum
- 20) Frelsi til að ganga í félagasamtök og halda fundi með friðsömum hætti
- 21) Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns



Menningarleg réttindi, réttindi til samstöðu

Réttur til þess að taka þátt í menningarlífi samfélagsins.

- 27) Réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins
- 28) Réttur til alþjóðaskipulags þar sem öll ofangreind réttindi eru framkvæmd
- 29) Skylda til að virða réttindi annarra
- 30) Ekki má svipta neinn þessum réttindum



AMNESTY
INTERNATIONAL

